



REGLUGERÐ UM LIÐAKEPPNI Í ÖLDUNGAMÓTARÖÐ LEK

1. gr.

Í Öldungamótaröð LEK er heimilt að vera samtímis með liðakeppni.

2. gr.

Í hverju liði skulu vera allt að sex leikmenn, óháð kyni. Fjórir bestu í hverju móti telja til stiga en ef færri en fjórir mæta telja stig þeirra sem mæta.

3. gr.

Útreikningur stiga miðast við Stableford punkta með forgjöf. Öll mót Öldungamótaraðarinnar telja til stiga í liðakeppninni þar sem keppt er með punktum.

4. gr.

Þrjú efstu lið að samanlögðum punktum eftir keppnistímabilið hljóta verðlaun.

5. gr.

Skráning liða getur farið fram hvenær sem er á keppnistímabilinu. Punktasöfnun liðs hefst þegar lið hefur verið skráð. Við skráningu skal gefa upp nafn á liðinu og nöfn liðsmanna. Tilgreina skal liðsstjóra. Skráningargjald fyrir hvert lið er ákveðið af stjórn LEK.

6. gr.

Keppendur velja rástíma við skráningu í mót. Mótsstjórn getur breytt rástíma og leikröð keppenda.

7. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ

8. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi LEK í janúar 2025.